

Ed.

42. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja mönnum húsnæði.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Bæjarstjórnnum heimilast að leggja stóribúðaskatt á íbúðir, sem að fasteignamati eru yfir 20000 kr. Skattur þessi skal vera stighækkandi. Reglugerð, er bæjarstjórn semur um þessa skattálagningu, skal staðfest af ráðherra. Tekjum af skatti þessum skal verja til byggingar nýrra íbúðarhúsa, og skulu þær renna í bæjarsjóð.

2. gr.

Nú hefir fjölskylda til afnota húsnæði, sem er stærra en svo, að nemi 20 gólf-
flatarmetrum í íbúðarherbergjum fyrir hvern þann, er til fjölskyldunnar telst og íbúðar nýtur á vegum hennar, og er bæjarstjórnnum þá heimilt að taka það húsnæði, sem umfram er þessa tilteknu stærð, til afnota fyrir húsnæðislaust fólk.

Húsaleigunefnd í Reykjavík og fasteignanefndir utan Reykjavíkur fella úrskurð um leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um í sambandi við leigunámið.

3. gr.

Óheimilt er að leigja íbúðir erlendum setuliðsmönnum, sem dvelja hér á landi, og skulu allir samningar, sem gerðir hafa verið við þá um leigu á íbúðarherbergjum, falla úr gildi 14. maí 1941. Þó geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sannanir liggja fyrir um það, að búsettir menn hér á landi þurfi ekki á íbúðinni að halda.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, frá 50—10000 krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar styrjöldin skall á og byggingar íbúðarhúsa stöðvuðust með öllu, var fyrir-sjáanlegt, að húsnæðisleysi myndi verða svo mikið, einkum í Reykjavík, að til stórvandræða horfði, ef ekki yrði gripið til róttækra ráðstafana. Síðastliðið ár flutti ég frumv. á Alþingi um ýmsar ráðstafanir til að tryggja mönnum húsnæði og koma í veg fyrir hækkun húsaleigu, þar á meðal að veita bæjarstjórnnum heimild til að leggja á stóribúðaskatt. Frumv. þetta náði ekki fram að ganga, en í stað þess voru samþykkt lög þau, er nú gilda um húsaleigu.

Nú er ástandið miklu alvarlegra en þá, m. a. vegna dvalar brezka setuliðsins hér á landi. Ef ekki verður að gert, er víst, að fjöldi fólks stendur uppi húsnæðislaust með öllu á næsta hausti. Þrátt fyrir erfiðleika styrjaldarinnar er ósæmilegt, að hið opinbera láti ekki byggja íbúðarhús til að bæta úr brýnustu þörfinni. En hitt er vitanlegt, að þar verður þungur róðurinn. Það verður því að leggja áherzlu á, að allar hugsanlegar ráðstafanir verði gerðar til að hagnýta það húsnæði, sem til er, og tryggja það, að Íslendingar einir njóti þess. Það er óverjandi, að einstakar fjölskyldur sitji í óhóflega stórum íbúðum, en aðrir hafa ekki þak yfir höfuðið. Ef upphæð stóribúðaskattsins er ákveðin nægilega há, ætti það í flestum tilfellum að nægja til að knýja þá, sem búa í stóribúðum, til að þrengja að sér. Þó þykir sjálf-sagt, að heimild sé fyrir hendi til að taka hluta af mjög stórum íbúðum leigunámi, ef þörf krefur. Þegar svo mikið liggur við, verða lögin að gefa bæjarstjórnunum frjálssar hendur til þess að firra fólk vandræðum.